

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54 frá 14. júní 1960 um verðlagsmál, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 188 31. október 1968 um verðlagsmál.

*Viðskiptaráðuneytið, 19. febrúar 1976.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

**REGLUGERÐ****um loðnuveiðar árið 1976.**

## 1. gr.

Á tímabilinu 1. mars til 15. maí 1976 eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni, utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan grunnlínu, samkvæmt reglugerð 299/1975.

Á tímabilinu 15. maí til 15. júlí 1976 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

## 2. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti loðnuaflla fiskiskips.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

## 3. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nóttinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handhófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd, ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

## 4. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 2. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að fram- an greinir og kærir hlutaðeigandi skipstjóra veiðiskips til sekta, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

## 5. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita, að fengnu álití Hafrannsóknastofnunarinnar, leyfi til loðnuveiða í tilrauna- og rannsóknaskyni á svæðum, sem loðnuveiðar eru bannaðar samkvæmt 1. gr. og á loðnu, sem er minni en 12 cm að lengd.

## 6. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

## 7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 með síðari breytingum, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. febrúar 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*